

Ed.

588. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 3. apríl 1909, um stofnun háskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta var flutt í háttvirtri neðri deild af 1. þm. Reykvíkinga. Háttv. neðri deild gerði allmiklar breytingar á því. Ef frv. gengi fram í þeirri mynd, sem það er nú, þá yrðu þessar aðalbreytingar á háskólalöggjöfnni:

1. Biskup á að verða kennari við háskólann og nýtur sömu rjettinda um öll háskólamál sem prófessorar, en docentsembættið við guðfræðisdeildina á að leggja niður.
2. Prófessorsembættin í bókmentasögu og sagnfræði skal aðeins veita, er til þeirra fást menn, sem að dómi háskólaráðsins eru sjerstaklega vel hæfir.
3. Lögð skulu ennfremur niður, jafnóðum og þau losna, þessi embætti:
 - a. Prófessorsembættið við lagadeildina, en í þess stað kemur aukakennari í lögum.
 - b. Kennarastóllinn í klassiskum fræðum.
 - c. Prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði.

Ýtt er og undir það, að embætti þau, sem leggja á niður samkv. frv., verði sem fyrst laus, á þann hátt, að hlutadeigandi embættismenn verði fluttir í önnur embætti samkvæmt ákvæðunum í 16. gr. stjórnarskrárinnar. Álit háskólaráðsins hefir verið fengið um málið. Þar sem umsögn þess er svo skýr og glögg og í alla staði eftirtektarverð, þá þykir rjett að prenta álitíð, svo alþjóð eigi kost á að kynna sjer það.

Tvær aðalhlíðar á þessu máli ber sjerstaklega að athuga, fjárhags- og menningarhlíðina. Vegna örðugs fjárhags er frumvarpið horið fram. Rjett er að taka fram, að vitanlegt er, að prófessorsembættið í hagnýtri sálarfræði, sem bundið er við ákveðinn mann, verður lagt niður á þessu ári, af því að sá maður fer í annað embætti. Vegna þessa embættis, sem deilt hefir verið um í þinginu, þarf því ekki að samþykkja þetta frumvarp. Sparnaðurinn af fækkun hinna embættanna kemur ekki fram fyrst um sinn, þar sem búast má við, að þau losni ekki fyr en eftir mörg ár. Um sparnað, sem komi að haldi í þeim vandræðum, sem nú standa yfir, getur því ekki verið að ræða, þótt frv. þetta verði samþykkt, því varla yrði farið að ýta mönnum, sem helgað hafa líf sitt visindastarfsemi, nauðugum í hvaða stöðu sem væri. Nokkur sparnaður kyoni aftur að verða af frv. í framtíðinni. Og verður þá að meta það, hvort framtíðarsparnaðurinn vegur meira en tap það í *menningu*, sem leiðir af því, að starfskraftarnir eru minkaðir við háskólann. Í tylgiskjölum þeim, er fylgja nefndarálitinu, eru færð svo skýr rök fyrir því, að háskólinn þolir ekki að missa

þessa starfskrafta, að meiri hl. þykir nægja að visa til þeirra og fellst í öllum verulegum atriðum á hin skýru rök háskólans. Að því er sjerstaklega snertir ákvæðin um, að biskupinn verði kennari við háskólann, þykir meiri hl. rjett að leggja áherslu á, að við skipun háskólakennara er alstaðar tekið tillit til, hve hæfir þeir sjeu til visindastarfsemi; þar sem biskup er nú kosinn af prestum landsins, þá mundi alt annað en þeir hæfileikar verða hafðir fyrir augum við kosninguna, eins og eðlilegt er. Með þessu er því gengið á rjett háskólans til þess að gera tillögur um, hverjir skipaðir sjeu í kennarastöðu þar. Og þessi rjettur hefir verið mikils virði fyrir háskólann, því svo að segja alt af mun hafa verið farið eftir tillögunum. Í sambandi við tillögurjett háskólans yfirleitt vill meiri hl. taka fram, að honum virðist, að það ætti að vera föst regla, að engin embætti yrðu stofnuð við háskólann nema eftir beinni kröfu frá honum. Og gerir meiri hl. fastlega ráð fyrir því, að um engar slikar kröfur verði að ræða fyrst um sinn.

Þá getur meiri hl. ekki fallist á hinar sjerstöku kröfur, sem gerðar eru um skipun prófessoranna í bókmentasögu og sagnfræði, og virðast þær benda til, að gert sje ráð fyrir, að í þær stöður sje ekki skipað nema við og við, þegar afburðamenn eru til í þær. Litur meiri hl. svo á, að sjerstaka rækt verði að leggja við þessar greinar háskólans, og mætti því ekki koma fyrir, að ekki væru altaf skipaðir menn í þessar stöður.

Yfir höfuð virðist meiri hl. það skifta miklu fyrir þjóðina, að háskólinn fái að njóta sin sem best. Menning þessarar litlu þjóðar hefir jafnan verið sterkasti þátturinn í allri viðreisnar- og sjálfstæðisbaráttu hennar, og svo mun enn. Okkur virðist svo, sem góðir kraftar innan háskólans vinni að því stöðugt að auka veg hans. Okkur virðist svo, að æskilegt væri, að þjóðin lærði að meta þýðing þessarar æðstu menningarstofnunar vorrar, og trúin á þetta andlega vigi vort mætti friða háskólann fyrir allri áreitni, svo hann fengi að njóta þeirra starfskrafta, sem honum eru ætlaðir af löggjafarvaldinu. Með tilvisun til þess, sem tekið er fram hjer að ofan, leggur meiri hl. til, að frv. verði felt.

Alþingi, 6. maí 1924.

Ingibjörg H. Bjarnason, Sig Eggerz,
form. frsm.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS. HÁSKÓLARÁÐIÐ.

Reykjavík, 11. mars 1924.

Háskólaráðið leyfir sjer hjer með að senda heiðraðri mentamálanefnd neðri deildar Alþingis umsagnir þriggja deilda háskólans um frumvarp það til laga um breytingu á háskólalögunum, er 1. þingmaður Reykvíkinga hefir borið fram á Alþingi. Með því að frumvarp þetta snertir eigi læknadeildina sjerstaklega, var umsagnar hennar eigi leitað.

Háskólaráðið fellst algerlega á röksemdir þær, er deildirnar hafa flutt fram gegn frumvarpinu, og leggur því eindregið á móti því, að frumvarpið nái fram að ganga, hvort heldur er í heild sinni eða í einstökum atriðum. Sparnaður sá, sem breytingar þessar hefðu i för með sjer, mundi engan veginn veða á móti þeim hnekki, sem af þeim leiddi um íslenska vísindastarfsemi og álit þjóðarinnar út á við. Er þar þess að gæta, að háskóli vor er stofnun, er stöndur í sambandi við háskóla viðsvegar um heim og hefir með ýmsnm hætti blotið vinsamlega viðurkenningu þeirra. Sje háskóli vor rýrður, svo sem hjer er til stefnt, yrði það ekki skilið á aðra leið en þá, að háskólinn hefði unnið starf sitt svo illa, að eigi væri vert að halda því áfram, eða hjá þjóð vorri væri eigi fyrir hendi skilyrði fyrir vísindalegri starfsemi, eða loks að þjóð vor væri komin á þann heljarþróm, að hún tæki til þeirra örþrifaráða að leggja niður þá viðleitni, sem er aðaleinkenni menningarþjóða nútímans, þá viðleitnina, að leggja sinn skerf til vísindanna. Til þeirra örþrifaráða hefir engin þjóð gripið, svo oss sje kunnugt, á þeim vandræðatímum, er nú standa yfir, heldur hafa meira að segja nýir háskólar verið reistir og kenslukraftar auknir, og það jafnvel hjá þeim þjóðum, er hardast voru leiknar í ófriðinum. En sjái háttvirt Alþingi eigi önnur þjargráð betri en þau, að reita af hinum litla háskóla vorum sem flestar þeirra fjáðra, er það sjálft hefir gefið honum, hafa kennara hans að skotspæni þing eftir þing og blóta einhverjum þeirra til árbóta hvenær sem eitthvað harðnar í búi, eða hláða á þá óskyldum embættum, svo að starf þeirra við háskólann verði hjáverk ein, þá er þar með stefnt til niðurdreps innlendrar háskólamentunar. Því að engar líkur eru til, að hæfir kennarar fáist til lengdar til þess háskóla, er svo er að búið. Háskóli vor er hin eina stofnun þessarar þjóðar, sem ætlað er að starfa eitthvað að vísindum, og sjeu kraftar hans skertir svo, sem farið er fram á i frumvörpum þeim, sem nú liggja fyrir Alþingi, þá væri sænra að fella niður háskólanafnið og auglýsa þar með, að Alþingi ætli ekki þjóð vorri að hugsa svo hátt að bafa hjer neinn háskóla.

Páll Eggert Ólason. Haraldur Níelsson. G. Magnússon.
Ólafur Lárnsson. Guðmundur Finnbogason.

Til mentamálanefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal II.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
GUÐFRÆÐISDEILDIN

Reykjavík, 5. mars 1924.

Út af brjefi mentamálanefndar Nd. Alþingis, er háskólaráðið sendi guðfræðisdeildinni til umsagnar, áttu kennarar deildarinnar sund með sjer hinn 4. mars og samþykktu að senda háskólaráðinu svofeldar tilhögur:

Guðfræðisdeildin lýsir yfir því, að hún álitur, að ekki megi með neinu móti rýra þá kenslukrafta hennar, sem háskólaögin gera ráð fyrir. Að visu játar hún,

að vel mætti greina kennimanalegu guðfræðina frá og fela biskupi þá kenslu. En ef sú breyting yrði gerð, er þess að gæta, að háskólaeildin hefði fengið þeirri breyting á reglugerðinni framgengt, að tekin skuli upp kensla í almennri trúarbragðsfræði (þ: almennri trúarbragðsáttu, trúarheimspeki og trúarlifssálarfræði) að svo miklu leyti sem kenslukraftar leyfa (sbr. Árbók háskólans 1918—1919, bls. 55). Á þessar vísiudagreinar er nú lögð mikil áhersla við háskóla með enskumælandi þjóðum, á Norðurlöndum og á Pýskalandi. Þetta mundi því ærið viðbótarverkefni fyrir deildina, þótt hún losnadi við kenslu í kennimannlegri guðfræði. Sjást af þessu, hve fjarri fer því, að deildin megi nokkurs í missa, enda hefir tvi vegis áður verið farið fram á það af deildinni, að doctentsembætti hennar væri breytt í prófessorsembætti, til þess að sá kennari gæti með auknum launum gefið sig óskiftari við fræðigreinum sínum.

Ef sameina ætti annað prófessorsembættið biskupsembættina, hlýtur af því að leiða, að sá kennari getur ekki nema að litlu leyti gefið sig við fræðiiðkunum og starfi sínu í þágu háskólans, þar sem biskupsembættið er svo umsvifamikil, að það hlýti jafnan að verða aðalstarf hans.

Auk þess teljum vjer óheppilegt, að biskup hafi á hendi prófessorsembætti jafnframt biskupsstarfinu af þessum ástæðum:

1. Veiting biskupsembættisins er bundin öðrum skilyrðum en þeim, er háskólaögin gera ráð fyrir um veitingu prófessorsembættis, og vjer leggjum hina mestu áherslu á, að ekki sje raskað við rjetti háskólans í þeim efnum. Sjerstaklega viljum vjer benda á, hve tilfinnanlega þetta getur rækist á, þar sem veiting biskupsembættisins er háð kosningu prestá. Vel gæti svo farið, að duglegur prestur væri kjörinn biskup, en væri þó litt hæfur til kenslustarfsins.

2. Með slíku fyrirkomulagi gæti kenningarfrelsi háskólans verið nokkur hættu böin, en óskert kenningarfrelsi verður að teljast eitt af mikilvægustu grundvallaratriðum fyrir visindastaffsemi sjerhvers háskóla. Það liggur í augum uppi, að yfirmaður þjóðkirkjunnar ef bundinn ýmsum böndum af embætti sínu og verður sakir embættisstöðu sinnar að tåka tillit til fleira en hann þyrfti sem háskólakennari eingöngu.

3. Vjer teljum og þetta fyrirkomulag mjög óheppilegt fyrir þjóðkirkjuna. Meðan þjóðkirkja er á Íslandi ætti, að vorum dómi, að varast að gera nokkuð til að rýra það biskupsembætti, sem nú er, eða draga starfskråfta biskupsins frá þeim störfum hans.

Ef svo illa skyldi fara, sem vjer vonum að aldrei verði, að skerða þarf kenslukrafta deildarinnar, teldum vjer þó þá leið færari, að 2 prófessorar yrðu í deildinni, en biskupi fallin þar nokkur kensla sem aukakennara. Það fyrirkomulag mundi og betur samrýmast 7. gr. háskólaálaganna.

Um grískukennarann viljum vjer taka þetta fram:

Deildin getur ekki með nokkrum móti verið án grískukenslunnar. Visindalegt guðfræðinám er óhugsandi án þekkingar í frumtungu kristindómsins. Oss er um það kunnugt, að stádentar deildarinnar eru mjög þakklátir fyrir, að grískukensla komst aftur á og að tekið var aftur upp að lesa samrit Nýjja testamentisins á grísku með þeim.

Vjer leyfum oss að vísa til þess, er deildin ljét uppi sem álit sitt í

Þessu máli, er farið var fram á að afnema embætti þetta fyrir tveimur árum (sbr. gerðabók guðfræðideildar, bls. 123–4).

Vjer berum og það traust til þings og stjórnar, að eigi verði farið að svifta mann, sem kominn er yfir sextugt, embætti sinu eða flytja hann á þeim aldri nauðugan til annarar kenslustofnunar.

Haraldur Níelsson.

Til Háskólaráðsins.

Fylgiskjal III.

HÁSKÓLI ÍSLANDS LAGAÐEILDIN

Reykjavík, 8. mars 1924.

Háskólaráðið hefir óskað umsagnar lagadeildar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35/1909, um stofnun háskóla, er borið hefir verið fram í neðri deild Alþingis (þskj. 68). Í tilefni af því vill deildin taka fram það, sem hjer fer á eftir, og mun aðeins minnst á þau atriði frumvarps þessa, er varða lagadeildina sjerstaklega.

I. Frumvarpið ætlast til þess, að lagadeild og heimspekideild verði sameinaðar í eina háskóladeild. Lagadeildin verður að líta svo á, að sú sameining sje bæði ónauðsynleg og óheppileg. Ástæða sú, sem færð er fyrir nauðsyn sameiningarinnar í athugasemdunum við frumvarpið, virðist vera næsta ljettvæg. Því sje þar átt við það, að sameiningin sje nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir, að atkvæði verði jöfn í deildinni, þá er hvorttveggja, að slíkt getur komið fyrir, þó að fleiri menn en 2 sjeu í deild, og að 11. gr. háskóla-reglugerðarinnar greiðir úr þeim vanda. Sameining deildanna er og óheppileg af mörgum ástæðum. Starf og kenslugreinir lagadeildar og heimspekideildar eru gagnólikar, og yfirleitt verður ekki sjeð, að neitt sje sameiginlegt með þessum tveimur deildum, sem ekki er sameiginlegt með öllum deildum háskólans. Sameining deildanna myndi og reynast mjög óheppileg í framkvæmdinni. Kennarar heimspekideildar ættu þannig t. d. atkvæðisrjett um útblutun námsstyrks til lagastúdenta, um tilhögun kenslu og prófa, um doktorskjör o. m. fl. í lagadeild, sem þeir eðlilega ekki væru færir að dæma um, og á hiun hóginn ættu lagakennararnir að eiga atkvæðisrjett um þessi mál heimspekideildar. Með kennaratölu þeirri, er frumvarpið gerir ráð fyrir, yrðu lagakennararnir jafnan í minni hluta í deildinni, og gæti það leitt til þess, að sú deild (lagadeildin) nyti eigi fullkomins jafnaðar. Þá hefðu og þessar deildir minni hluttöku í stjórn háskólans en þeim ber með rjettu, þar sem þær yrðu báðar að láta sjer nægja að eiga einn fulltrúa saman í háskólaráðinu. Enn má geta þess, að frumvarp þetta rekst óheppilega á gildandi lög að sumu leyti, svo sem l. 31, 2. nóv. 1914. Loks mun slík sameining sem þessi ekki þekkjast við neinn annan háskóla, og mundi hún sist verða til þess að auka veg háskóla vors.

II. Samkvæmt frumvarpinu á að fækka prófessorum deildarinnar úr 3 í 2. Það er að visu satt, að upphaflega var ætlast til, að aðeins 2 kennarar yrðu við lagaskólann, en þegar á fyrsta árinu, sem sá skóli starfaði, kom það í ljós, að tveir kennarar nægðu eigi, og var þá þriðja kennaranum bætt við, og hefir það haldist síðan. Deildin fær ekki sjöð, að síðan hafi orðið nein sú breyting, er rjettlæti það að fækka nú kennurum deildarinnar. Að visu hafa verið gefnar út kenslubækur í sumum námsgreinunum, en bæði er það, að enn er eftir að skrifa kenslubækur í öðrum greinum og að kenslubækur í lögfræði verða mjög fljótt úreltar vegna hinna sífeldu breytinga, er á löggjöfnni verða. Eru og sumar kenslubækurnar, er kennarar deildarinnar hafa gefið út, þegar orðnar úreltar af þessum sökum, svo sem stjórnlagafræði Lárusar H. Bjarnason og Sjórrjettur Jóns sál. Kristjánssonar. Lagadeildin er og að því leyti ver sett en nokkur önnur deild háskólans, að hún getur aðeins að litlu leyti notast við útlendar kenslubækur, og það þó aðeins með miklum breytingum og viðaukum. Er því ljóst, að framvegis, eins og hingað til, verður það mikið starf fyrir kennara deildarinnar að sjá um, að til sjeu kenslubækur eftir þörfum. Þá eru og kenslugreinar hvers af kennurum deildarinnar svo yfirgripsmiklar, að í raun rjetttri er hverjum manni ofvaxið að fylgjast með í þeim eins vel og vera ætti, enda er þeim alstaðar annarsstaðar skift á milli margra manna, og það enda við háskóla, þar sem lagakenslan að miklu leyti er utan háskólans, í höndum annara en háskólakennaranna. Þannig kenna við Kaupmannahafnarháskóla 6 menn þær kenslugreinar, sem hjer eru ætlaðar einum manni, og er þó aðstaða þeirra ólíkt hægari, þar sem fjöldi fræðimanna hefir rutt brautina fyrir þá, en íslensk lögfræði enn er á byrjunarstigi. Virðist því ljóst, að ekki sje unt að fjölga kenslugreinum kennara deildarinnar. Út af athugasemdunum við frumvarpið skal það tekið fram, að tala nemenda skiftir sáralitlu máli um kensluna. Það er jafnmikið verk að semja fyrirlestur, hvort sem áheyrendurnir eru fleiri eða færri. Aðeins verður vinnan við leiðrjettingu ritgerða nemenda og við próf að því skapi minni, sem nemendurnir eru færri, en sú vinna er aðeins óverulegur hluti af starfi kennaranna. Geta má þess enntremur, að launakjör háskólakennaranna eru nú svo bágborin, að þeir neyðast til að afla sjer tekna með aukastörfum. Þar sem frumvarpið eigi gerir ráð fyrir bættum launakjörum, mundu kennararnir eftir sem áður verða að leita sjer aukastarfa, og þá auðvitað því fráleitara að fjölga kenslugreinum þeirra.

III. Í 4. gr. frv. og í athugasemdunum við það er gert ráð fyrir, að skipaðir verði aukakennarar við háskólann, ef sje er veitt til þess í fjárlögum. Deildin vill taka það fram, að þess er varla að vænta, að hægt verði að fá með þeim hætti hæfa kenslukrafta til lagadeildarinnar, þó sje væri fyrir hendi. Er þar alt öðruvisi ástatt um lagadeild en læknadeild. Hjer í bænum er jafnan kostur á sjerfræðingum í ýmsum greinum læknisfræðinnar, og er þeim mönnum venjulega mjög auðvelt að taka að sjer kenslu í sjerfræðigreini sinni, enda eru fræðigreinar þessar venjulega umfangslitlar og nægur kostur ágættra, útlendra kenslubóka. Um lögfræðinga er öðru máli að gegna. Þeir gefa sig örsjaldan hjer á landi að neinni sjerfræðigreini í lögfræðinni. Það mundi

Því kosta þá mikinn undirbúning að taka að sjer kenalu i hverri grein lögfræðinnar sem væri. Er því mjög ózannilegt, að nokkur sé lögfræðingur, sem til kenalu væri fær, myndi taka að sjer aukakenlu i deildinni, ekki síst ef kenala hans yrði háð fjárveitingum i fjárlögum, sem reynslan hefir sýnt, að bæði eru stopular og i rauninni auðmýkjandi fyrir þann, er þeirra á að njóta.

Af ástæðum þeim, sem hér hafa verið taldar, er deildin eindregið mótséllin breytingum frumvarpsins á lagadeild háskólans.

Ólafur Lárússon.

Til Háskólaráðsins.

Fylgiskjal IV.

HÁSKÓLI ÍSLANDS HEIMSPÉKISDEILDIN

Reykjavík, 6. mars 1924.

Í tilfni af brjefi mentamálanefndar Nd. Alþingis, dags. 3. þ. m., um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1919, um stofnun háskóla, er nefndin hafði sent háskólaráðinu til umsagnar, en það aftur deildum háskólans, samþykkti heimspékisdeildin svo hljóðandi álit með öllum atkvæðum.

Deildin er eindregið á móti sameiningu lagadeildar og heimspékisdeildar, sökum þess, 1) að námsgreinar deildanna eru svo sundurleitar, sem framast má verða, 2) keuslukraftar annarar deildarinnar myndu jafnar geta borið binnar ofurlíða (3:2), 3) að þótt deildirnar yrðu sameinaðar, mundi ekki sparast við það eyrisvirði, en 4) deildirnar eru hvor um sig ályktunarfærar i öllum málum, þótt eigi sjá i þeim nema tveir kennarar, með því að atkvæði deildarforseta ræður úrslitum allra mála, ef jöfn eru atkvæði (str. 11. gr. háskóla­reglugerðar), og hlutkesti getur ráðið kosningu deildarforseta, ef samkomulag fæst ekki.

Íslensk fræði eru vafalaust eitt umfangsmesta nám háskólans, eins og námtími (5¹/₂ – 6 ár) sýnir. En þó i á keuslukröftum fer ekki stöð efitir viðáttu fræðigreina en tölu nemenda. Því verður keuslu (og rannsóknem) i íslenskum fræðum ekki talið borgið með færri kennurum en þremur, nefnilega i málfræði, bókmentasögu og sögu. Eigi deildin að geta búið nemendur undir próf, verður ekki unað við, að menn sjú aðeins settir i stöður þessar með höppum og glöppum. Á hinn bóginn er það njött, að til þeirra verði að velja *vel hæfa menn*. Háóður háskólans, bæði með Íslendingum sjálfum og öðrum þjóðum, er mjög undir þeim kennurum kominn. En af því leiðir, að sjálf-sagt má telja að láta tvö þessara embættla vera prófessorsembætti, eins og nú er, ef nokkur von á að vera um að fá þau nokkurn tíma skipað samilegum mðnnum.

Um afnám kenparaembættanna i hagnýtri sálarfræði og klássískum

fræðum endurtekur deildin álit sitt frá 20. mars 1922, er sama efni var til meðferðar:

»Alþingi sjálf átti frumkvæði að stofnun þessa embættis, en háskólaráðið taldi þá þann mann, sem embættið er við bundið, »ágætlega til þess fallinn að takast það á hendur« (sbr. Árbók háskólans fyrir 1916—1917, bls. 15—16). Eftir fenginni reynslu telur deildin þetta ekki ofmælt, því að bæði hefir kennarinn gert rannsóknir í hagnýtri sálarfræði, veitt nemendum úr ýmsum deildum háskólans tilsögn í þeim greinum sálarfræðinnar og haldið fyrirlestra fyrir almenning um þau efni. Loks hafa kennararnir í heimspekilegum fræðum komið sjer saman um að stofna til meistaraprófs í sálarfræði, og hafa þeir þegar skift með sjer verkum. Er einn nemandi þegar tekinn að stunda hana. Samkvæmt framangreindu telur deildin það bæði ómaklegt og illa farið, ef embætti þetta væri lagt niður.

Um kenslu í latínu telur deildin mjög æskilegt, eins og tíðkað er við aðra norræna háskóla, að nemendur þeir, sem leggja stund á íslensk fræði, fái tilsögn í lestri latínurita Íslendinga og annara Norðurlandþjóða, frá miðöldum og síðar. Enda hafa nemendur þegar fært sjer þessa kenslu í nyt. — Um kenslu í grísku visast til álits guðfræðideildar.

Guðm. Finnbogason.

Til Háskólaráðsins.